

Miðvikudaginn 15. maí 1968.

Nr. 167/1967. **Bjarni Guðmundsson**
Sigfús Tryggvason
Eðvarð Björnsson
Árni Hallgrímsson
Aðalgeir Jónsson
Ólafur Jónsson
Friðrik Kristjánsson
Hermann Stefánsson
Helgi K. Helgason
Sigurður Sigurjónsson
Klement Johannesen
Ebbi Rasmussen
Petur Lyngvej
Oli Joensen
Konrad Lauritsen

og

Jörmund Zachariasen

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og

Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu

(Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögveð. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1967 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Vonarstjórnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði 19. apríl 1967, verði sjóveðkröfur þeirra greiddar af uppboðsandvirðinu á undan kröfum stefndu, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbáta-

ábyrgðarfélagssins Gróttu, svo og að stefndu verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Tryggð eru lögveði um 2 ár frá gjalddaga í váttryggðum skipum iðgjöld fyrir skylduváttryggingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 23/1921 um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip og 3. gr. laga nr. 24/1958 um viðauka við fyrrnefnd lög, sbr. nú 7. gr. laga nr. 47/1967 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og samkvæmt 30. gr. laga nr. 61/1947 um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, sbr. nú 17. gr. laga nr. 41/1967 um bátábyrgðarfélag. Í 216. gr., 1.—6. tl., siglingalaga nr. 66/1963 eru taldar upp kröfur, sem sjóveðrétt eiga í skipi og farmgjaldi. Samkvæmt 1. tl. nefndrar lagagreinar hafa m. a. forgangsrétt: „Lestargjöld, vitagjöld, hafnargjöld og önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi“. Telja stefndu, að iðgjaldalögveð samkvæmt upptöldum váttryggingarlögum falli hér undir og hafi því lögveð þeirra gengið fyrir sjóveði áfrýjenda í v/s Vonarstjórnunni, GK 26. Sjóveðréttur áfrýjenda stofnaðist samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963, en með því ákvæði eru tryggðar sjóveðrétti í skipi og farmgjaldi kröfur til launa og annarrar þóknunar, sem stofnast hafa til handa skipstjóra, skipshöfn og öðrum, sem útgerðarmaður eða skipstjóri hafa ráðið á skip.

Váttryggingarstofnanir samkvæmt upptöldum váttryggingarlögum eru að visu reknar fyrir atbeina ríkisins að meira eða minna leyti, og váttryggingariðgjöld til þeirra njóta lögveðs í váttryggðum skipum, en váttryggingariðgjöld þessi falla allt að einu eigi undir nefnt ákvæði í 1. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963: „... og önnur slík opinber gjöld sem greiða ber af skip“. Væri og óeðlilegt, að váttryggingariðgjöld gengju fyrir björgunarlaunum, sem tryggð eru sjóveðrétti samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 og standa því að baki sjóveðtryggðum kröfum samkvæmt 1. tl. 216. gr. og launa-kröfum skipverja samkvæmt 2. tl. 216. gr., sbr. og 218. gr. laga nr. 66/1963.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að taka kröfur áfrýjenda til greina, en málið er ekki flutt um fjárhæð krafna.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Við úthlutun á uppboðsandvirði v/s Vonarstjórnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði 19. apríl 1967, greiðist á undan iðgjaldakröfum stefndu, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagssins Gróttu, áður sjóveðrétti tryggðar launakröfur áfrýjenda, Bjarna Guðmundssonar, Sigfúsar Tryggvasonar, Eðvars Björnssonar, Árna Hallgrímssonar, Aðalgeirs Jónssonar, Ólafs Jónssonar, Friðriks Kristjánssonar, Hermanns Stefánssonar, Helga K. Helgasonar, Sigurðar Sigurjónssonar, Klements Johannesens, Ebba Rasmusens, Peturs Lyngvejs, Ola Joensens, Konrads Lauritsens og Jörmunds Zachariasens, ásamt vöxtum og kostnaði.

Stefndu greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

21. september 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 21. september, var í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni sýslumanni, kveðinn upp úrskurður í uppboðsmálinu: Bjarni Guðmundsson, Sigfús Tryggvason, Edvarð Björnsson, Árni Hallgrímsson, Aðalgeir Jónsson, Ólafur Jónsson, Friðrik Kristjánsson, Hermann Stefánsson, Helgi K. Helgason,

Sigurður Sigurjónsson, Klement Johannesen, Ebbe Rasmussen, Petur Lyngvej, Oli Joensen, Konrat Lauritsen og Jörmund Zachariasen gegn Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu.

Í máli þessu, er tekið var til úrskurðar þann 8. ágúst s.l., hefur umboðsmaður sækjenda gert þær kröfur, að við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Vonarstjörnnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði í Grindavík þann 19. apríl 1967, verði kröfur þeirra, sem allir eiga sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963, látnar ganga fyrir lögveðskröfum Samábyrgðar Íslands og Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu. Þá er af hálfu sækjenda krafist hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Kröfur umboðsmanns verjenda eru þær, að við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Vonarstjörnnunnar, GK 26, verði kröfur þeirra látnar ganga fyrir kröfum annarra sjóveðhafa, enda teljist kröfur þeirra til „annarra slíkra opinberra gjalda, sem greiða ber af skipi“ í merkingu 216. gr. laga nr. 66/1963.

Af hálfu verjenda hefur ekki verið gerð krafa um málskostnað.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Svo sem áður segir, fór fram nauðungaruppboð á v/s Vonarstjörnnunni, GK 26, sem var þinglesin eign Sigurðar Sigurjónssonar og Borgþórs Sigfússonar, en talin eign Kópaness h/f, þann 19. apríl s.l., og var uppboðið háð í Grindavík, þar sem skipið lá þá við bryggju.

Áður en uppboðið fór fram, höfðu áðurnefndir sjóveðréttahafar, sækjendur í máli þessu, 16 að tölu, lýst kröfum sínum í væntanlegt uppboðsandvirði skipsins. Námu kröfur þeirra samtals kr. 776.587.37 auk vaxta og kostnaðar og stöfuðu af vist þeirra á skipinu á vetrarvertíðum 1966 og 1967. Einnig höfðu lýst kröfum sínum í uppboðsandvirði skipsins verjendur í máli þessu, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttu. Námu kröfur Samábyrgðarinnar upphaflega kr. 207.290.66, en samkvæmt síðari leiðréttingu kr. 214.879.13 auk vaxta og kostnaðar. Kröfur þessar stöfuðu af ógreiddum iðgjöldum vegna bráðafúatryggingar árin 1964 til 1967, og munu iðgjöld 1964 og 1965 hafa verið tryggð með lögtaksgerð í skipinu, áður en lögtaksréttur fyrir þeim fyrntist.

Lýstar kröfur Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu námu samtals kr. 250.880.52 auk vaxta og kostnaðar og stöfuðu af ógreiddum vátryggingariðgjöldum vegna skipsins árin 1966 og 1967.

Á áðurnefndu uppboði varð hæstbjóðandi í skipið Áki Jakobs-son hæstaréttarlögmaður, og var boð hans kr. 510.000.00. Innan ákveðins frests tilkynnti hann uppboðshaldara, að hann treystist ekki að standa við boð sitt, en til þess var næsthæstbjóðandi, Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Samábyrgðar Íslands, hins vegar reiðubúinn, en boð hans nam kr. 500.000.00. Þegar gefa skyldi út uppboðsafsal fyrir hinu selda skipi þann 8. júní s.l., lýsti umboðsmaður næsthæstbjóðanda yfir því, að hann framseldi Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Fiskverkunarstöðvarinnar Varir s/f í Grindavík boð sitt, og var því uppboðsafsal áðurnefndan dag gefið út til fyrrnefndrar fiskverkunarstöðvar, eftir að umboðsmaður þess fyrirtækis hafði greitt þær lögveðskröfur, hvílandi á hinu selda skipi, sem enginn ágreiningur var um, og auk þess greitt það, sem á vantaði uppboðsandvirðið, kr. 467.010.50.

Þegar við nauðungaruppboðið sjálft var sýnt, að koma mundi til ágreinings milli aðilja þeirra, sem eru sækjendur í máli þessu annars vegar og verjanda í málinu hins vegar, um úthlutun uppboðsandvirðisins, og er mál þetta af þeim ágreiningi risið.

Kröfur sínar hefur umboðsmaður sækjenda rökstutt með því, að iðgjaldakröfur verði ekki flokkaðar með þeim kröfum, sem taldar eru í 1. tölul. 1. málsg. 216. gr. laga nr. 66/1963, en ljóst sé með hliðsjón af 1. málsg. 218. gr. siglingalaganna, að því aðeins að iðgjaldakröfurnar verði taldar til þeirra gjalda, sem talin eru í 1. tölul. 1. málsg. 216. gr. siglingalaganna, skuli þær ganga fyrir kröfum samkvæmt 2. tölul. sömu greinar, að gjöld þau, sem talin eru í 216. gr., 1. málsg., 1. tölul., séu ekki þess eðlis, að vátryggingariðgjöldum til Samábyrgðar og bátaábyrgðarfélaga verði jafnað til þeirra, enda sé ekki unnt að telja, að það eigi að hafa áhrif á forréttindi tryggingarfélaga í uppboðsandvirði skipa, að tryggingarfélagið sé stofnað af ríkinu með ábyrgð ríkissjóðs, og verði tryggingariðgjöld af skipinu því ekki talin til „annarra opinberra gjalda“ í skilningi siglingalaganna og beri því sjóveðkröfur samkvæmt 2. tölul. 1. málsg. 216. gr. siglingalaganna að ganga fyrir iðgjaldakröfum Samábyrgðar Íslands og Bátaábyrgðarfélagsins Gróttu.

Kröfur sínar hefur umboðsmaður verjenda rökstutt með því, að augljóst sé, að í siglingalögunum nr. 66/1963 sé samkvæmt greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu, er það var lagt fram, ætlað til, að hugtakið „opinber gjöld“ í 1. tölul. 216. gr. laganna merki það sama og hugtakið opinber gjöld í 235. gr. siglingalaga frá

1914, en sú grein nefndra laga hafi verið túlkuð nokkuð víðtækt og hafi iðgjöld til Samábyrgðar Íslands og bátaábyrgðarfélaganna verið talin falla undir þá grein (þ. e. 235. gr. laga nr. 56/1914), að Samábyrgð Íslands og bátaábyrgðarfélögin verði að teljast til opinberra stofnana, enda séu um stofnanir þessar sett lög á Alþingi, að tryggingar hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgð Íslands séu lögboðnar skyldutryggingar og séu tryggingariðgjöldin því gjöld, sem greiða beri af viðkomandi skipi samkvæmt 1. tölul. 216. gr. siglingalaganna. Leiði af því, að óheimilt sé að fella skip úr tryggingu, þótt vanskil verði á iðgjaldagreiðslum. Þrátt fyrir þetta nái sjóveðréttur fyrir launum skipverja til váttryggingarfjárhæðarinnar. Sé því bersýnilega ósanngjarnt, að kröfur Samábyrgðar Íslands og vélbátaábyrgðarfélaga eigi að þoka fyrir launakröfum skipverja við úthlutun uppboðsandvirðis. Telur umboðsmaður verjenda af því, sem hér að framan er rakið, vera augljóst, að umbjóðendur hans (þ. e. Samábyrgð Íslands og Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttu) teljist vera opinberar stofnanir og kröfur þeirra í máli þessu „opinber gjöld“ í skilningi 1. tölul. 216. gr. siglingalaganna.

Fallizt verður hér á þau rök umboðsmanns verjenda í máli þessu, að iðgjöld tryggjenda til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaga séu þess eðlis, að rétt sé að telja þau falla undir „önnur slík opinber gjöld“ samkvæmt 1. tölul. 1. málsg. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Leiðir af því, að kröfur, sem sprotnar eru af vanskilum á greiðslu umræddra iðgjalda, skuli við úthlutun uppboðsandvirðis ganga fyrir öðrum kröfum, sem síðar eru taldar í áðurnefndri lagagrein, þar á meðal launakröfum skipverja. Af 1. málsg. 10. gr. laga nr. 23/1921 um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, sbr. lög nr. 24/1958, og 3. málsg. 30. gr. laga nr. 61/1947 um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip virðist hins vegar leiða, að slíkur forgangsréttur krafna vegna vangoldinna iðgjalda nái ekki til annarra iðgjalda en þeirra, sem féllu í gjalddaga á næstu 2 árum áður en úthlutun andvirðis hins váttryggða getur farið fram, þ. e. í þessu tilviki úthlutun uppboðsandvirðist v/s Vonarstjórnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði þann 19. apríl s.l.

Samkvæmt framansögðu teljast því vangoldin váttryggingariðgjöld af v/s Vonarstjórnunni, GK 26, til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, sem féllu í gjalddaga á næstu 2 árum fyrir 19. apríl 1967, hafa við úthlutun uppboðsandvirðis nefnds skips forgangsrétt fram yfir aðrar lýstar

kröfur í uppboðsandvirðið, sem taldar eru í 2. tölul. 216. gr. laga nr. 66/1963, þar á meðal launakröfur skipverja á skipinu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvæðningu úrskurðar þessa, og stafar hann af önnum dómarans.

Því úrskurðast:

Vangoldin váttryggingariðgjöld af v/s Vonarstjörnunni, GK 26, til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagssins Gróttu, sem féllu í gjalddaga á næstu 2 árum fyrir 19. apríl 1967, skulu við úthlutun uppboðsandvirðis nefnds skips hafa forgangsrétt fram yfir aðrar lýstar kröfur í uppboðsandvirðið, sem taldar eru í 2. tölul. 216. gr. laga nr. 66/1963, þar á meðal launakröfur skipverja á skipinu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. maí 1968.

Nr. 141/1967. **Asa Film Production A/s**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn

Gunnari Indriðasyni og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1967. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 21.945.35 án vaxta og kostnaðar. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 8. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.